



Frístundalæsi – Efling máls og læsis á frístundaheimilum

Hvað?

- Handbók um frístundalæsi, hugsuð sem hugmyndabanki.
- Megináherslur handbókarinnar eru:
 - Reynslunám
 - Áhugahvöt
 - Lært í gengum leik
 - Félagsleg hugsmiðahygga

Hvernig?

- Í handbókinni er lögð áhersla á reynslunám barna og að virkja þau til þátttöku með áhugahvatningu.
- Að læra í gegnum leik er einnig leiðarljós handbókarinnar þar sem þekkingarsköpun á sér stað með leik og í samskiptum við aðra.

Hvenær?

- Til þess að efla mál og læsi barna er mikilvægt að skapa aðstæður þar sem börn fá tækifæri til að efla færni sína í samskiptum við jafnaldra, rökræða og gagnrýna.
- Frítími er mikilvægur í þessu samhengi. Þegar börn nota frítíma sinn á jákvæðan og uppbyggilegan hátt getur það aukið lífsgæði þeirra og framtíðarmöguleika

Áherslur í Menntastefnu

- Áhersluþættir Menntastefnu Reykjavíkur til 2030 eru fimm, þ.e. félagsfærni, sjálfsefning, læsi, heilbrigði og sköpun.
- [Gátlistar menntastefnu Reykjavíkur](#) eru gagnlegir frístundastarfi til að skoða/meta hvernig þeim gengur að efla þætti stefnunnar (innra mat/sjálfsmat). Frístundaheimili/félagsmiðstöðvar taka ákvörðun um hvort gátlistarnir eru notaðir.

Tengiliður/stuðningur

- Tengiliðir á skrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar vegna frístundalæsis eru verkefnisstjórar á fagskrifstofu frístundamála.
Gísli Ólafsson: gisli.olafsson@reykjavik.is
Hulda Valdís Valdimarsdóttir: hulda.valdis.valdimarsdottir@reykjavik.is
Sigrún Sveinbjörnsdóttir: sigrun.sveinbjornsdottir@reykjavik.is

Heimasíða um frístundalæsi er [hér](#).

